

## **Borgarráð 26. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Íslenskuver Reykjavíkurborgar MSS24090143**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver staðan sé í Íslenskuverum Reykjavíkurborgar? Eru þau öll full og ef biðlisti, hvað eru mörg börn sem bíða eftir plássi nú á haustönn?

### **Greinargerð**

Þær upplýsingar bárust á síðasta vetri að öll Íslenskuverin sem eru fjögur væru yfirfull. Íslenskuverin eru fyrsta stig íslenskukennslunnar og eru þau fyrir börn í 5.-10. bekk. Elstu nemendurnir ganga fyrir. Í gegnum tíðina hafa allt of mörg börn beðið eftir að komast í þetta fyrsta úrræði. Ástæðan hefur verið sögð sú að það vanti fleiri stöðugildi. Fjármagni sem varið er í þau stöðugildi er vel varið.